

# SJÚKLINGAFRÆÐSLUEFNI Á LANDSPÍTALA

## Ritstjórnarstefna

### Markhópur

Notendur þjónustu Landspítala og aðstandendur þeirra.

### Markmið

Að sjúklingar, aðstandendur þeirra og aðrir sem nota þjónustu Landspítala hafi aðgang að gagnlegu og gagnreyndu fræðsluefni og upplýsingum til að:

- Efla sjálfstraust, sjálfsbjargargetu og sjálfsömnun.
- Efla virka þátttöku í meðferð og getu til að taka upplýsta ákvörðun.
- Auka ánægju með meðferð og umönnun.
- Bæta líðan, auka öryggi í þjónustu og draga úr innlögnum.
- Draga úr álagi vegna veikinda og sjúkrahúsdvalar.
- Auka vitund um ýmis hættumerki og aðstæður sem ástæða er til að bregðast við.
- Greiða leið sjúklinga í gegnum ferli heilbrigðisþjónustu.

### Leiðarljós

- Gagnreynd og notendamiðuð þekking.
- Öryggi í þjónustu.
- Mismunandi heilsulæsi og þarfir.
- Jafnrétti og jafnræði.

### Innihald

- Heilbrigðistengdar upplýsingar sem að gagni geta komið og varðar t.d. eftirfylgd, rannsóknir, sjúkdóma, forvarnir, aðgerðir og aðra meðferð, endurhæfingu, stuðningsamtök, réttindi, ráðgjöf og stuðning.
- Við gerð fræðsluefnis er fylgt verkferlum sem lýst er í gæðahandbók Landspítala og felur í sér samvinnu, aðkomu og nýni sérfræðinga á því sviði sem um ræðir hverju sinni og fulltrúa notenda.
- Miðstöð um sjúklingafræðslu sinnir útgáfu sjúklingafræðsluefnis á Landspítala, greinir þörf fyrir útgáfu nýs efnis og aðstoðar starfsfólk við gerð þess og sér um endurskoðun og tryggir að gæðakröfur séu uppfylltar.

### Miðlar og miðlunarleiðir

Ritað mál, hljóðupptök, myndmál, myndskreið, vefsíður eða tölvuleikir.

### Varðveisla

Útgefið fræðsluefni er varðveitt í gæðahandbók Landspítala sem heldur utan um endurskoðun fræðsluefnis. Sjúklingafræðsluefni er að öllu jöfnu aðgengilegt á vefnum [www.landspitali.is](#) og opið almenningi. Heilbrigðisstarfsmenn Landspítala afhenda, senda eða vísa sjúklingum á viðeigandi fræðsluefni, veita þeim tækifæri til að ræða það og spyrja spurninga.

### Framtíðarsýn

- Aukið samstarf við heilsugæslu og landlækni (Heilsuveru).
- Viðeigandi efni fyrir notanda birtist á mínum síðum í Heilsuveru og Landspítalaappi.
- Valið efni birtist á skjáum í opnum rýmum deilda.

### Undirstöður

- [Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007](#)
- [Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997](#)
- [Stefna og gildi Landspítala](#)
- [Heilbrigðisstefna – stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til 2030](#)
- Jafnræði og jafnrétti eins og fram kemur í siðareglum heilbrigðisstétta á síðu [embættis landlæknis](#)
- [Stefna um þátttöku sjúklings og aðstandenda í meðferð - sjúklingafræðsla](#): Útgefandi Landspítali 2019.